

ARCTICA FINANCE HF.

Kostnaðarhandbók

- Yfirlit yfir áætlaðan kostnað tengd fjárfestingarþjónustu -

Í kostnaðarhandbók þessari má finna upplýsingar og dæmi um áætlaðan kostnað sem tengist viðskiptum með fjármálagerninga og fjárfestingarþjónustu og/eða viðbótarþjónustu. Samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga ber fjármálafyrirtækjum að veita viðskiptavinum upplýsingar um kostnað og gjöld sem tengjast þeirri þjónustu sem veitt er. Í handbókinni má finna dæmi um áætlaðan kostnað og gjöld sem viðskiptavinur greiðir við kaup á hlutabréfum, skuldabréfum, í sérhæfðum sjóði og fyrir eignastýringarþjónustu. Ekki er um tæmandi lista yfir möguleg viðskipti eða þjónustu að ræða.

Kostnaður og gjöld

Viðskiptavinir greiða Arctica Finance hf. („Arctica“) kostnað og gjöld samkvæmt gjaldskrá Arctica eins og hún er hverju sinni og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér gjaldskrána sem má nálgast á vef Arctica.¹ Upplýsingar um kostnað og gjöld taka ekki til greina afslætti sem viðskiptavinur kann að geta fengið vegna umfangs viðskipta eða vegna annarra aðstæðna í viðskiptasambandi viðskiptavinar við Arctica. Við hvetjum viðskiptavini til að hafa samband við Arctica fyrir nákvæmari upplýsingar um kostnað og gjöld varðandi fyrirhuguð viðskipti.

Í meðfylgjandi dæmum um kostnað eru tilgreindir þrír kostnaðarliðir, kostnaður við þjónustu, kostnaður við vöru og þóknun til þriðja aðila.

Kostnaður við þjónustu:

- Með kostnaði við þjónustu er átt við þann kostnað og gjöld sem Arctica innheimtir vegna viðskipta, t.d. viðskiptaþóknun, vörsluþóknun, afgreiðslugjald og eignastýringarþóknun.
- Viðskiptaþóknun er greidd vegna viðskipta með fjármálagerninga, t.d. vegna kaupa og sölu á hlutabréfum og skuldabréfum, og er einskiptiskostnaður.
- Vörsluþóknun er þóknun fyrir vörslu fjármálagerninga hjá Arctica og er reiknuð af meðalstöðu vörslusafna yfir árið.
- Afgreiðslugjald er innheimt af öllum viðskiptum með fjármálagerninga og fyrirtækjaaðgerðum, s.s. arðgreiðslum, afhendingu fjármálagerninga og afborgunum tengdum fjármálagerningum, til þess að mæta útlögðum kostnaði Arctica sem tengist færslum í verðbréfamiðstöð.
- Eignastýringarþóknun er þóknun fyrir að velja saman eignaflokka og fjármálagerninga í verðbréfasafn og er reiknuð af meðalstöðu eignastýringarsafna yfir árið.

¹ Sjá www.arctica.is/upplýsingar/gjaldskra. Dæmi í kostnaðarhandbók þessari byggja á gjaldskrá Arctica frá apríl 2022.

Kostnaður við vöru:

- Með kostnaði við vöru er einkum átt við þann kostnað sem tengist fjármálagerningum útgefnum af sjóðum í rekstri A/F Rekstraraðila ehf., dótturfélagi Arctica, eða öðrum sjóðum sem Arctica býður upp á, þ.e. umsýsluþóknun í tilfelli sjóða.

Þóknun þriðja aðila:

- Með þóknun þriðja aðila er átt við þóknun sem viðskiptavinur greiðir beint eða óbeint til annars aðila en Arctica.
- Undir þóknun þriðja aðila falla þóknanir sem Arctica er ekki að taka, en viðskiptavinur greiðir, t.d. vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum sjóða sem eru í stýringu hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en samstæðu Arctica.

Áhrif kostnaðar og gjalda á ávöxtun

Þegar fjárfest er í fjármálagerningum skiptir máli að vita hvaða kostnaður og tengd gjöld fylgja viðskiptunum og hver áhrifin kunna að verða á ávöxtun.

Kostnaður hefur ávallt neikvæð áhrif á ávöxtun. Fjárfesting þarf því að skila hærri ávöxtun en sem nemur kostnaði til að ávöxtun verði jákvæð. Kostnaður er vanalega hærri í upphafi og við lok fjárfestingar sökum kaup- og sölupóknunar, en lægri þess á milli.

Til einföldunar og glöggvunar fyrir viðskiptavinum er ekki reiknað með neinni ávöxtun á fjárfestingartímanum í dæmum í kostnaðarhandbók þessari.

Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur er ekki eiginlegur kostnaður heldur skattur sem leggst á eignatekjur, þ.e. vexti, arð, söluhagnað og leigutekjur. Af vaxtatekjum og arði er dregin staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, en skattur af söluhagnaði hlutabréfa og leigutekjum er greiddur eftir á. Þeir sem annast fjárvörslu, innheimtu eða taka við innlánnum, eiga að halda eftir vaxtatekjum, þeim hluta sem samsvarar gildandi fjármagnstekjuskattsprósentu hverju sinni, til staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og skila í ríkissjóð. Ekki er gert ráð fyrir sköttum í dæmum í kostnaðarhandbók þessari.

Kostnaður viðskiptavina gæti verið annar

Hafa þarf í huga að kostnaður og gjöld í dæmunum er áætlaður og sá kostnaður sem viðskiptavinir greiða getur verið annar en sá sem kemur fram í þessum dæmum, og fjárhæðir geta breyst, s.s. eftir fjárhæð sem viðskipti lúta að, tegund fjármálagerninga og hvort að fjármálagerningur hefur verið tekinn til viðskipta (skráður) eða ekki. Þá er ekki tekið tillit til hugsanlegra afsláttá.

Viðskiptavinir skulu ekki túlka það sem fram kemur í kostnaðarhandbók þessari sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga. Arctica ráðleggur fjárfestum að leita ráðgjafar sérfræðinga áður en fjárfestingaákvörðanir eru teknar.

Upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld taka ekki tillit til kostnaðar sem getur falist í almennum áhættuþáttum við fjárfestingar í fjármálagerningum, s.s. markaðsáhættu, vaxtaáhættu, gjaldeyris-áhættu, seljanleikaáhættu, mótaðilaáhættu, uppgjöráhættu og verðbólguáhættu. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér yfirlit yfir helstu eiginleika fjármálagerninga og áhættuþætti sem má nálgast á heimasíðu Arctica.²

² Sjá www.arctica.is/upplýsingar/ahaetta.

Hlutabréf

Meðfylgjandi dæmi sýna upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld vegna kaupa á innlendum skráðum hlutabréfum. Forsendur dæma eru að fjárfest er í gegnum Markaðsviðskipti Arctica, annars vegar fyrir 5 milljónir króna og hins vegar fyrir 100 milljónir króna, hlutabréfin eru í vörslu hjá Arctica, greiddur er arður einu sinni á ári og bréfin eru seld í lok fjárfestingatíma, annars vegar að liðnu einu ári og hins vegar að liðnum fimm árum.

Athugið að þóknun vegna óskráðra verðbréfa er önnur en af skráðum verðbréfum.

Samanlagður kostnaður við fjárfestingu				
Dæmi um fjárfestingu	5.000.000 kr		100.000.000 kr	
	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð
Kostnaður við þjónustu ¹⁾	1,42%	71.200 kr	1,40%	1.404.200 kr
Kostnaður við vöru	0,00%	0 kr	0,00%	0 kr
Þóknunir þriðja aðila	0,00%	0 kr	0,00%	0 kr
Samtals kostnaður	1,42%	71.200 kr	1,40%	1.404.200 kr

1) Viðskiptaþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Ekki er nauðsynlegt að hafa bréfin í vörslu hjá Arctica Finance.

Meðfylgjandi tafla sýnir uppsöfnuð áhrif kostnaðar á ávöxtun fjárfestinganna út fjárfestingartímann.

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar á fjárfestingartímanum	Fjárfestingartími		Fjárfestingartími	
	1 ár	5 ár	1 ár	5 ár
Sala eftir				
Verðmæti án kostnaðar	5.000.000 kr	5.000.000 kr	100.000.000 kr	100.000.000 kr
Verðmæti a.t.t. kostnaðar	4.928.800 kr	4.908.800 kr	98.595.800 kr	98.195.800 kr
Kostnaður við fjárfestingu miðað við 0% ávöxtun	1,42%	1,82%	1,40%	1,80%
Lækkun á verðmæti miðað við 0% ávöxtun	71.200 kr	91.200 kr	1.404.200 kr	1.804.200 kr

Skuldabréf

Meðfylgjandi dæmi sýna upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld vegna kaupa á skráðum innlendum ríkisskuldabréfum. Forsendur dæma eru að fjárfest er í gegnum Markaðsviðskipti Arctica, annars vegar fyrir 5 milljónir króna og hins vegar fyrir 100 milljónir króna, ríkisskuldabréfin eru í vörslu hjá Arctica, greidd er afborgun einu sinni á ári og bréfin eru seld í lok fjárfestingatíma, annars vegar að liðnu einu ári og hins vegar að liðnum fimm árum.

Athugið að þóknun vegna viðskipta með skuldabréf banka, fyrirtækja og sveitarfélaga getur verið önnur en af ríkisskuldabréfum.

Samanlagður kostnaður við fjárfestingu

Dæmi um fjárfestingu	5.000.000 kr		100.000.000 kr	
	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð
Kostnaður við þjónustu ¹⁾	0,92%	46.200 kr	0,90%	904.200 kr
Kostnaður við vöru	0,00%	0 kr	0,00%	0 kr
Þóknunir þriðja aðila	0,00%	0 kr	0,00%	0 kr
Samtals kostnaður	0,92%	46.200 kr	0,90%	904.200 kr

1) Viðskiptaþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Ekki er nauðsynlegt að hafa bréfin í vörslu hjá Arctica Finance.

Meðfylgjandi tafla sýnir uppsöfnuð áhrif kostnaðar á ávöxtun fjárfestinganna.

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar á fjárfestingatímanum

Sala eftir	Fjárfestingartími		Fjárfestingartími	
	1 ár	5 ár	1 ár	5 ár
Verðmæti án kostnaðar	5.000.000 kr	5.000.000 kr	100.000.000 kr	100.000.000 kr
Verðmæti a.t.t. kostnaðar	4.953.800 kr	4.933.800 kr	99.095.800 kr	98.695.800 kr
Kostnaður við fjárfestingu miðað við 0% ávöxtun	0,92%	1,32%	0,90%	1,30%
Lækkun á verðmæti miðað við 0% ávöxtun	46.200 kr	66.200 kr	904.200 kr	1.304.200 kr

Eignastýring

Meðfylgjandi dæmi sýna upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld vegna eignastýringarþjónustu hjá Arctica. Forsendur dæma eru að Eignastýring Arctica fjárfestir annars vegar fyrir 100 milljónir króna og hins vegar fyrir 500 milljónir króna. Fjárfest er í skráðum innlendum hlutabréfum og ríkisskuldabréfum og í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóðs. Fjármálagerningarnir eru í vörslu hjá Arctica, greidd er afborgun af ríkisskuldabréfunum einu sinni á ári, arður er móttekinn af hlutabréfum einu sinni á ári og allar eignir eru seldar í lok fjárfestingatíma, annars vegar að liðnu einu ári og hins vegar að liðnum fimm árum.

Athugið að þóknun vegna viðskipta með fjármálagerninga getur verið önnur en sýnt er í meðfylgjandi dæmum.

Samanlagður kostnaður við fjárfestingu				
Dæmi um fjárfestingu	100.000.000 kr		500.000.000 kr	
	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð
Kostnaður við þjónustu ¹⁾	1,00%	1.001.200 kr	1,00%	5.009.600 kr
Kostnaður við vöru	0,00%	0 kr	0,00%	0 kr
Þóknanir þriðja aðila	0,20%	200.000 kr	0,20%	1.000.000 kr
Samtals kostnaður	1,20%	1.201.200 kr	1,20%	6.009.600 kr

1) Eignastýringarþóknun m.v. blandað safn, viðskiptaþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. 20% af eignum er í sjóðum og fer umsýsluþóknun vegna þeirra til þriðja aðila.

Meðfylgjandi tafla sýnir uppsöfnuð áhrif kostnaðar á ávöxtun fjárfestinganna.

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar á fjárfestingartímanum	Fjárfestingartími		Fjárfestingartími	
	1 ár	5 ár	1 ár	5 ár
Sala eftir				
Verðmæti án kostnaðar	100.000.000 kr	100.000.000 kr	500.000.000 kr	500.000.000 kr
Verðmæti a.t.t. kostnaðar	98.798.800 kr	95.598.800 kr	493.990.400 kr	477.990.400 kr
Kostnaður við fjárfestingu miðað við 0% ávöxtun	1,20%	4,40%	1,20%	4,40%
Lækkun á verðmæti miðað við 0% ávöxtun	1.201.200 kr	4.401.200 kr	6.009.600 kr	22.009.600 kr

Sjóðir A/F Rekstraraðila ehf.

Meðfylgjandi dæmi sýna upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld vegna kaupa í sjóði í rekstri A/F Rekstraraðila ehf. fyrir milligöngu Eignastýringar Arctica. Forsendur dæma eru að fjárfest er í hlutabréfum sérhæfða sjóðsins A/F STILLU slhf., annars vegar fyrir 50 milljónir króna og hins vegar fyrir 100 milljónir króna. Hlutabréfin eru í vörslu hjá Arctica og bréfin eru seld í lok fjárfestingatíma, annars vegar að liðnu einu ári og hins vegar að liðnum fimm árum.

Athugið að þóknun vegna viðskipta með fjármálagerninga sjóða getur verið mismunandi eftir sjóðum og því önnur en sýnt er í meðfylgjandi dæmum.

Samanlagður kostnaður við fjárfestingu

Dæmi um fjárfestingu	50.000.000 kr		100.000.000 kr	
	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð
Kostnaður við þjónustu ¹⁾	0,10%	51.200 kr	0,10%	101.200 kr
Kostnaður við vöru	1,50%	750.000 kr	1,50%	1.500.000 kr
Þóknanir þriðja aðila	0,00%	0 kr	0,00%	0 kr
Samtals kostnaður	1,60%	801.200 kr	1,60%	1.601.200 kr

1) Engin viðskiptaþóknun er af kaupum/innlausnum í sjóðnum, en viðskiptavinur greiðir afgreiðslugjald og vörsluþóknun.

Meðfylgjandi tafla sýnir uppsöfnuð áhrif kostnaðar á ávöxtun fjárfestinganna.

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar á fjárfestingartímanum

Sala eftir	Fjárfestingartími		Fjárfestingartími	
	1 ár	5 ár	1 ár	5 ár
Verðmæti án kostnaðar	50.000.000 kr	50.000.000 kr	100.000.000 kr	100.000.000 kr
Verðmæti a.t.t. kostnaðar	49.198.800 kr	45.998.800 kr	98.398.800 kr	91.998.800 kr
Kostnaður við fjárfestingu miðað við 0% ávöxtun	1,60%	8,00%	1,60%	8,00%
Lækkun á verðmæti miðað við 0% ávöxtun	801.200 kr	4.001.200 kr	1.601.200 kr	8.001.200 kr